



Ályktun um þóknanir erlendra vörsluaðila lífeyrissparnaðar

10. þing Starfsgreinasambands Íslands fordæmir afdráttarlaust þá ólögmætu markaðssetningu sem tíðkast hefur í starfsemi erlendra vörsluaðila lífeyrissparnaðar hér á landi.

Samkvæmt lögum nr. 129/1997 er óheimilt að ráðstafa lífeyrisiðgjaldi í annað en lífeyrisréttindi. Þrátt fyrir það hafa erlendir aðilar á borð við Allianz og Bayern tekið stóran hluta af lífeyrissparnaði íslensks launafólks í þóknanir og kostnað – allt að **25,8% fyrstu fimm árin** og að meðaltali **7,9% yfir 40 ára samningstíma**. Þetta jafngildir milljörðum króna sem dregin hafa verið af sparnaði launafólks og runnið í arðsemisvélur erlendra tryggingafélaga og íslenskra fjármálafyrirtækja.

Þetta fyrirkomulag sem **gengur gegn lögum, er ósanngjarnt og brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar**. Þannig er lífeyrissparnaður launafólks smám saman étinn upp af þóknunum sem aldrei hefðu átt að fara í annað en að tryggja framtíðarréttindi.

Sölumenn þessara félaga hafa herjað sérstaklega á ungt fólk á vinnumarkaði og fengið það til að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði sínum og tilgreindri séreign í slíkan sparnað. Tíunda þing SGS óttast að unga fólk sé alls ekki upplýst sem skyldi um þá gífurlegu þóknun sem tekin er beint af iðgjöldum þeirra og hversu mikið þeir tapa á slíkum samningum til lengri tíma.

Þingið spyr:

- **Hvernig getur Fjármálaeftirlitið/Seðlabankinn litið fram hjá þessu, þegar lögin eru skýr?**
- **Hvers vegna hefur þetta verið látið viðgangast árum saman, þrátt fyrir fyrri úrskurði stjórnvalda?**

10. þing Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að:

1. Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið stöðvi tafarlaust miðlun lífeyrissparnaðar sem ráðstafar iðgjöldum í þóknanir.
2. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið staðfesti opinberlega að allar greiðslur sem byggjast á ráðstöfun iðgjalda í annað en lífeyrisréttindi séu óheimilar.
3. Réttarstaða sjóðsfélaga sem þegar hafa tapað fé verði endurskoðuð, með það að markmiði að þeir fái tjón sitt bætt.
4. Sérstök áhersla verði lögð á **vernd ungs fólks** sem er viðkvæmasti hópurinn fyrir þessari villandi markaðssetningu.

10. þing SGS skorar á Umboðsmann Alþingis að hefja frumkvæðisrannsókn á þessu máli, þar sem augljóslega er um að ræða kerfisbundið brot á lögum og jafnræðisreglu, sem opinberar stofnanir hafa látið viðgangast árum saman.

SGS mun beita öllum tiltækum ráðum til að verja sína félagsmenn fyrir þessu óréttlæti er lítur að erlendum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar.